

Aukafundur aðalstjórnar LH 9. febrúar 2007

Mætt voru: Haraldur Þórarinnsson, Vilhjálmur Skúlason, Einar Ragnarsson, Maríanna Gunnarsdóttir, Oddur Hafsteinsson og Sigurður Ævarsson. Sigrún Ögmundsdóttir af skrifstofu LH.

1. FEIF Ráðstefna

Sigrún fer yfir kostnaðartölur og telur að Ísland geti boðið sambærilegt verð og verið hefur undanfarin ár. Ákveðið að bjóða Ísland fram sem ráðstefnaland á ráðstefnu FEIF í Glasgow.

2. Gul og rauð spjöld

Nauðsynlegt að útbúa bréf vegna áminningamála til Marko Mazeland.

3. Dómararáðstefna FEIF

Fá fund með Marko Mazeland um málið á rástefnunni í Glasgow og fá útskýringar og rök fyrir því að færa hana til Austurríkis í ár.

4. Dómaranefnd LH

Sigrún Ólafsdóttir tók vel í að verða formaður nefndarinnar en hefur ekki gefið endanlegt svar.

5. Stjórnarfundir

Hugmynd að hafa næsta stjórnarfund á Egilsstöðum 24. febrúar í tengslum við Ístölt á Austurlandi. Sigrúnu falið að athuga áhuga formanna á Austurlandi með opinn félagsfund um málefni LH og hestamannafélaganna.

6. Samningurinn við Glitni

Fjárafnanefnd LH þarf að funda með fulltrúum Glitnis og ljúka þeim málum sem standa ekki nógu vel.

7. Landmót hestamanna ehf.

Skipa þarf nýja fulltrúa í stjórn LM ehf. Tillögur settar fram en ekkert ákveðið.

8. Samvinna um hestatorg

Oddur segir frá viðbrögðum Félags hrossabænda vegna bréfs sem þeim var sent í tenglum við síðasta stjórnarfund. Oddi falið að halda áfram samvinnu um hestatorg en varast bera að hestatorg hugmyndin verði enn eitt báknið sem engin hefur stjórn eða yfirumsjón með.

*Fleira ekki fært til bókar
Fundarritari: Einar Ragnarsson*